

Samgöngu - og sveitarstjórnarráðuneyti  
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

Selfossi 7.10.2019

## **Efni: Umsögn um drög að sóknaráætlun Suðurlands 2020 - 2024.**

### **Almennt um tillöguna**

Skógræktin hefur kynnt sér drög að sóknaráætlun Suðurlands 2020 - 2024. Almennt má segja að sóknaráætlunin sé metnaðarfull og mikil áhersla er lögð umhverfismál. Að mati Skógræktarinnar er það helsti veikleiki sóknaráætlunarinnar að lítið er fjallað um leiðirnar að markmiðunum.

### **Megináhersla - Umhverfi**

Ein af áherslunum í sóknaráætluninni er fjölgun skipulagðra svæða undir skóga og landgræðslu á Suðurlandi sem rímar vel við markmið um 10% aukningu á kolefnisbindingu. Skógræktin vinnur nú að lands- og landshlutaáætlunum í skógrækt sbr. lög um skógrækt nr. 33/2019. Þar verður mörkuð stefna um skipulag skógræktar í sveitarfélögum landsins til lengri tíma. Áætlanirnar munu innihalda framtíðarsýn skógræktar, stöðu- og árangursmat á viðkomandi svæði og skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og aðra opinbera stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga.

Í landshlutaáætluninni verður m.a. fjallað um forsendur fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til ýmissa þátta. Þar má helst nefna náttúruvernd, minjavernd og vernd landslags, vernd og endurheimt birkiskóga, ræktun nýrra skóga til uppbyggingar skógarauðlindar, áhrif skógræktar á atvinnuþróun og byggð, útivistarskóga og skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga. Allt tengist þetta forgangsmarkmiðum Ríkisstjórnarinnar í sambandi við heimsmarkmiðin.

Skógræktin óskar eftir því að vera í góðu samstarfi við sveitarfélögin og hagsmunaaðila á sviði landnýtingar. Skipulagsmál er sívaxandi verkefni Skógræktarinnar og á öllum skipulagsstigum getur verið tilefni til að hafa samráð við Skógræktina um mál sem tengjast skipulagi skógræktar. Með vilja og góðu skipulagi er gerlegt að margfalda flatarmál skóglendis og um leið forðast árekstra við aðra landnýtingu. Við skipulag framkvæmda er eðlilegt að skógrækt lúti sömu kröfum og annar landbúnaður.

Skógræktin hefur þegar fundað með nokkrum sveitarfélaganna á starfssvæði SASS til þess að kynna þessar áætlanir, tækifærin sem felast í þeim og tryggja samráð við sveitarfélögin.

Virðingarfyllst f.h. Skógræktarinnar  
Hrefna Jóhannesdóttir  
Hreinn Óskarsson